



8. Stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2025 - 2027

Priðjudagur 16. september 2025 kl. 17:00 – Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Mætt til fundar: Kristinn Albertsson (KA) formaður sem stýrir fundi, Einar Hannesson (EH) gjaldkeri, Jón Bender (JB,)Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Ágúst Angantýsson (ÁA)

Forföll boðuðu; Herbert Arnarson (HA) varaformaður, Hugi Halldórsson (HH) og Margrét Kara Sturludóttir (MKS)

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Hefur ekki verið kláruð

2. Guðrún Kristmundsdóttir og Jón Eysteinnsson - minning

Guðrún Kristmundsdóttir annar varaformaður KKÍ lést 1. september og Jón Eysteinnsson fv.stjórnarmaður KKÍ og fv. formaður aganefndar fyrstu 40 ár nefndarinnar lést 2.september. Farið var yfir störf Guðrúnar og Jóns innan KKÍ og körfuboltans

Stjórn og skrifstofa KKÍ þakkar þeim fyrir góð störf fyrir sambandið og sendir fjölskyldum þeirra beggja samúðarkveðjur. Minning þeirra mun lifa innan KKÍ um ókomin ár.

3. Yfirferð framkvæmdastjóra á ýmsum málum

HSJ fór yfir nokkur mál til upplýsinga.

4. Leyfiskerfi efstu deildar karla og kvenna

Samkvæmt samþykkt síðasta stjórnarfundar var leyfiskerfið gefið út 18. ágúst og sent til félaganna sem fengu svo viku til að koma með athugasemdir. Athugasemdir komu frá þrem félögum og voru þess eðlis að þær verða teknar inn í vinnu við endurskoðun kerfisins eftir þetta keppnistímabil. Leyfiskerfið hefur því formlega tekið gildi.

5. EuroBasket

Farið yfir árangur karlaliðsins á EuroBasket og undirbúning liðsins, farið yfir plúsa og mínusa við markaðsmálin tengt EuroBasekt, sölu búninga og varnings, skipulag stuðningsfólks á svæðinu í Katowice og ýmislegt fleira.

6. Landsliðsþjálfari karla næstu skref

Vilji stjórnar er að halda Craig Pedersen áfram sem landsliðsþjálfara karla, HA og HSJ falið að klára nýjan samning við Craig.

7. Gervigreindar vélar (AI) – samningur við Spiideo og Sýn

HSJ fór yfir nýjan samning við Sýn og Spiideo varðandi gervigreindar vélar, sala áskrifta neðri deilda og yngri flokkka (KKÍ TV) , mikilvæg greiningartól og gagnaskýrslur fyrir félög, IRS fyrir dómara og samfélagsmiðla vinna (social media), sala veðmálaréttar neðri deilda.

Samningur þessi um mun styrkja og efla aðildarfélög KKÍ og íslenskan körfubolta til framtíðar.

8. Kynningar og upplýsingar frá nefndum

Farið yfir starf nefnda

9. Næsti stjórnarfundur

Verður mánudaginn 13. október.

Fundi slitið kl.19.10